

Sunnudagsblað Delfí

07. 12. 2008

Delfí - Lýðræðisleg fréttastofa Íslendinga

<http://www.delfi.is>

Mótmæli við Arnarhól og áhlaup á Seðlabankann

Borgarahreyfingin boðaði til þjóðfundar fyrir í dag sem hófst klukkan 15. Tvö þúsund manns í það minnsta voru á fundinum við Arnarhól.

Klukkutíma síðar eða um kl 16 var hópur fólks samankominn við anddyri Seðlabankans. Á annað hundrað manns söfnuðust við bygginguna og ruddust tugir þeirra inn í stofnunina. Hópurinn vildi fá að ræða við Davíð Oddsson, seðlabankastjóra. Davíð Oddsson lét ekki sjá sig og umtalað var að hann hefði verið farinn úr vinnunni, en hvort hann flúði áhlaupið eða var farinn áður en það hófst er ekki vitað fyrir víst.

Eggjum var kastað í bygginguna og málningu skvett í anddyri þess. Reistur var upp fáni með áletruninni: "Tökum málið í okkar hendur." Lögreglan hótaði að beita piparúða gegn hópnum.

Rúmum einum og hálfum tíma síðar var hópurinn farinn.

Skrifað af *gakera* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 11

Óþjóðaræða Einars Más - Anarkismi á Arnarhóli

Einar Már Guðmundsson hélt mikla og góða ræðu á Arnarhóli í gær, 1. desember. Ræðan hefur ver-

ið endurbirt í heild sinni á vefsvæði Aftöku, aftaka.org.

Ræðuna má lesa í heild sinni þar: <http://aftaka.org/2008/12/02/einar-mar-gudmundsson-arnarholl/>

Skrifað af *spm* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 8

Opinn fundur um málefni strætó

Næstkomandi miðvikudag, 10. desember 2008, halda Samtök um bíllausan lífsstíl til opinn umræðufund, milli kl. 20 og 22 á efri hæð Kaffi Sólun, um málefni strætó á höfuðborgarsvæðinu. Umræðufundurinn mun fjalla um ýmis málefni en þó sérstaklega nýsamþykkrar rekstraráætlunar fyrir næsta ár þar sem strætisvagnaferðum verður fækkað utan annatíma. Reynt verður að skilgreina hvað telst vera háannatími og hvað lágannatími.

Samtök um bíllausan lífsstíl eru hópur fólks sem vill vinna að því að gera bíllausan lífsstíl á höfuðborgarsvæðinu að vænlegri kosti. Meðlimir eru ýmist fólk sem lifir bíllausum lífsstíl eða myndu gera það ef aðstæður væru betri. Samtökin hafa leitað hefur verið til stjórnar Strætó bs. um að senda fulltrúa á fundinn en óvíst er hvort að stjórn Strætó bs. verði við þeirri ósk.

Meðal annarra skipulagðra málefna á fundinum eru spurningar til notenda og hugsanlegra notenda strætisvagna. Hvað hafa notendur að segja um þjónustuna? Hvaða framtíðarsýn hafa notendur?

Hvernig upplifir fólk, notendur og aðrir hagsmunaaðilar, leiðakerfið? Hvernig er hægt að stuðla að sem bestum hag strætó og notenda hans?

Búast má við að notkun strætisvagna aukist með vaxandi þrengingum í efnahag þjóðarinnar. Það verður því að teljast forvitnilegt að Strætó bs. skuli skera niður ferðir á næsta ári. Undirtitill fundarins dregur saman umhugsunarefni margra í dag og líklegast enn fleiri á komandi tímum: "Hverjum finnst gaman að bíða klukkutíma eftir strætó?"

Skrifað af *tryggvib* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 8

Hugbúnaður á réttu verði

Kjarninn í bankakrísunni hérlendis er að greiðsluþrot bættist ofan á ofvogun á fjármálamarkaði, sem er mjög algengt vandamál þegar litlar þjóðir taka stór stökk. Það sem úr verður er lausafjárskreppa þar sem ekki eru til nægir gjalddeyrisforðar til að greiða fyrir það sem þarf að greiða fyrir erlendis frá.

Nokkrar leiðir eru til til þess að draga úr gjalddeyrisústreymi, en tvær helstu eru aukning á útflutningi annars vegar og aðhald hinsvegar. Aðhald birtist í nokkrum myndum, en eitt form aðhalds er að minnkra bruðl - það er að segja, hætta að kaupa dýru vöruna í stað sambærilegrar ódýrari vöru.

Það er afar brýnt að Ísland sem heild hætti að borga erlendum fyrirtækjum fyrir það sem hægt er að fá ýmist hérlendis eða frítt.

Frjáls hugbúnaður er skilgreindur sem hugbúnaður þar sem leyfi höfundar er veitt til að nota hugbúnaðinn, læra af honum, deila honum með öðrum, og að bæta hann. Hugbúnaðarþörfum íslensks samfélags má mæta fullkomnlega með frjálsum hugbúnaði, sem kostar ekkert að flytja inn og er hægt að aðlaga alfarið að íslenskum þörfum, með þýðingum, staðfæringum og endurbótum svo fátt eitt sé nefnt.

Nú á dögumum ákvað Microsoft, einn helsti hugbúnaðarframleiðandi heims, að sala á hugbúnaði til Íslands skyldi miðast við að gengið á evrunni

væri 120 krónur, en þessi afsláttur er töluverður. Í ljósi þessa göfuga útspils eins ríkasta fyrirtækis heims eru framleiðendur á frjálsum hugbúnaði tilbúnir til að veita öllum íslenskum aðilum, opinberum sem einkaaðilum, fyrirtækjum sem einstaklingum, ókeypis og frjálsan aðgang að sínum vörum til eilífðarnóns, eins og hann hefur gert nú í áratugi.

Í dag eru vörur þær sem framleiddar eru undir formerkjum stafræns frelsis ótrúlega mörg: Linux stýrikerfið, OpenOffice skrifstofupakkinn, Firefox vafrinn, Apache vefþjónninn, MySQL gagnagrunnurinn og svo framvegis. En frjálsi heimurinn framleiðir ekki bara hugbúnað, heldur líka menningarverðmæti svo sem Wikipedia alfræðiritið, sem er stærsta og ítarlegasta alfræðirit heims. Kvikmyndir, tónlist, og margt fleira er gefið út undir sambærilegum skilmálum við frjálsan hugbúnað, en undantekningarlaust er þar um að ræða vörur sem kosta ekki neitt.

Forsætisráðuneytið gaf fyrr á árinu út stefnu varðandi frjálsan hugbúnað, sem mætti hafa fengið mun meiri athygli. Það er tími til komið að einhver skoði þessa stefnu rækilega, og jafnvel íhugi hvort að hún sé ekki allt of mild í merkingu sinni. Punktarnir í stefnunni eru fimm:

1. Gæta skal þess að gefa frjálsum hugbúnaði sömu tækifæri og séreignarhugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði og ávallt skal leitast við að gera sem hagstæðust kaup.
2. Leitast verði við að velja hugbúnað sem byggist á opnum stöðlum, hvort sem um staðlaðan búnað sé að ræða eða sérsníðaðan. Opnir staðlar eru yfirleitt ráðandi í frjálsum hugbúnaði.
3. Stefnt verði að því að opinberir aðilar verði ekki of háðir einstökum hugbúnaðarframleiðendum og þjónustuaðilum. Notkun frjáls hugbúnaðar er liður í því.
4. Stefnt skal að því að hugbúnaður sem smíðaður er og fjármagnaður af opinberum aðilum, m.a. í rannsóknar- og þróunarverkefnum,

verði endurnýtanlegur. Liður í því er að hugbúnaðurinn sé frjálss. Í upphafi slíkra verkefna skal gera áætlun um endurnýtingu hugbúnaðarins.

5. Stuðlað verði að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynna og nota frjálssan hugbúnað til jafns við sérreignarhugbúnað.

Þessi stefna er frábært skref í rétta átt, en þegar stefnan var samín var engin leið að vita að kostnaður vegna hugbúnaðarleyfa átti eftir að margfaldast sökum breytinga á efnahagsástandinu. Jafnvel með góðlátlegu framtaki Microsoft þá hafa hugbúnaðarútgjöld fyrirtækja og ríkisstofnanna aukist til muna vegna fjármálaóreiðunnar, til dæmis vegna gagnagrunnskerfa, fjársýslukerfa, vefþjóna, póstþjóna, margmiðlunarhugbúnaðar og fleira.

Við verðum því að gera nýja og harðari kröfu. Það er klárt mál að það er ósannjarnt að fólk greiði fyrir vöru þegar sambærilega eða betri vöru má fá frítt. Enginn sem hefur þekkingu á frjálsum og lokuðum hugbúnaði neitar því að frjálss hugbúnaður er í nær öllum tilfellum betri en séreignarhugbúnaðurinn.

Krafan er því einföld: Vilji framleiðendur séreignarhugbúnaðar halda áfram þátttöku í íslenskum efnahag verða þeir að lækka verðið á sínum vörum niður í núll, ekki bara strax, heldur til frambúðar.

Ástæðan er sú að hugbúnaður er afritaður án jaðarkostnaðar; það kostar ekkert að dreifa hugbúnaði umfram þá föstu upphæð sem kostaði að framleiða hugbúnaðinn í upphafi. Hægt er að ná fram sömu innlendu tekjum af sölu þjónustu við hugbúnað og fást við sölu hugbúnaðarins, og viðskiptalíkon fyrirtækja sem átta sig á þessum mikilvæga greinarmun eru ekki í neinni hættu. Mörg íslensk fyrirtæki hafa áttað sig á þessu, og fyrirtæki eins og CCP gætu í rauninni gert hugbúnaðinn sinn frjálssan án þess að fórna neinu. Þeirra tekjur koma ekki frá sölu hugbúnaðarins - þvert á móti gefa þeir hann frítt - heldur af sölu áskriftar að þjónustunni

sem hugbúnaðurinn er; fólk kaupir sig inn í heim þann sem CCP rekur, og þar liggja verðmætin. Ef hugbúnaðurinn væri frjálss eru allar líkur á því að áhugasamir spilarar myndu leggja sitt að mörkum við að bæta hugbúnaðinn, sem yrði til bóta bæði fyrir fyrirtækið og spilaranna.

Erlendis hafa mörg fyrirtæki áttað sig á þessu líka. Sun Microsystems hefur á undanförunum árum frelsað sinn hugbúnað og gefið hann frítt, vitandi það að þeirra helstu tekjulindir eru af sölu á þjónustu annars vegar og vélbúnaði hinsvegar.

Það er mikilvægt fyrir íslensku þjóðina að fyrirtæki sem framleiða hugbúnað hætti að selja vörur sem kostar þá ekkert að afrita. Geri þeir það ekki, þá túlkast það sem árás á sjálfstæði þjóðarinnar nú á krepputímum. Þeirra vörur eru ekki af því taginu að tekið verður af þeim: þegar hægt er að afrita eitthvað óendanlega oft án þess að kostnaður hljótist af er hreinlega ósiðlegt að útiloka einhvern, hvað þá rukka leigu af því.

Fyrstu mótmælin sem framleiðendur og seljendur séreignarhugbúnaðar munu leggja fram við þessu er að rekstrarkostnaður á frjálsum hugbúnaði sé meiri en af séreignarhugbúnaði. Við þessu á ég til tvö svör.

Fyrsta svarið er að þetta er haugalygi. Í dag borgar Íslenska ríkið hundruðir milljóna króna árlega til Microsoft í leigu eða afnotagjöld af stýrikerfinu þeirra einu og sér, og ofan á það bætast margar tugir milljóna til viðbótar vegna skrifstofupakkans þeirra. Leyfi fyrir stýrikerfinu kostar um 28000 krónur á hvern notanda, en þá þarf ekki nema 35 starfsmenn til að ná upp í milljónina. Skólar og stofnanir greiða þá jafnframt fyrir sérfræðihugbúnað þó svo að yfirleitt sé til hliðstæður frjálss hugbúnaður.

Annað svarið er að mikill meirihluti af þeim peningum sem fara í að greiða fyrir reksturinn af séreignarhugbúnaði fer rakiðis úr landi, en með frjálssan hugbúnað er hægt að halda öllu fjármagninu innan íslenska hagkerfisins og eiga afgang. Öllum tölvukerfum fylgir töluverð umsýsla, hvort sem framleiðandinn sé fyrirtæki eða sjálfboðaliðar. Með því að nota frjálssan hugbúnað geta kerfis-

stjórar séð um alla umsýslu án þess að neinn hluti kostnaðarins sé greiddur til erlendra aðila.

Þetta er því tillagan: Hættum að greiða fyrir hugbúnað.

Yrði Ísland fyrsta landið til að stíga þetta skref? Þvert á móti. Brasilía fór þessa leið fyrir nokkrum árum, sem og Kína. Stór hluti stjórnsýslu Californíu er keyrður á frjálsum hugbúnaði, og fjölmörg önnur ríki og sveitarfélög hafa hætt að greiða fyrir sinn hugbúnað. Á norðurlöndum hefur Skolelinux verkefnið unnið til fjölmargra verðlauna fyrir sín jákvæðu áhrif innan menntastofnanna. Smám saman er fólk allsstaðar í heiminum að uppgötva kosti þess að nýta sér afrakstur samvinnu sjálfbóðaliða um allan heim.

Í ofanálæg við leyfisgjöldin hefur íslenska ríkið kostað þýðingu á Microsoft Windows, verkefni sem kostaði tugir milljóna. Ubuntu Linux dreifingin er nú 21% þýdd á íslensku, en þá er um að ræða þýðingu á öllum þeim þúsundum forrita sem fylgja kerfinu. Megnið af grunnkerfinu hefur þá verið þýtt, og þýðingarvinnan gengur mjög vel sem samvinnuverkefni fjölmargra einstaklinga.

Sömuleiðis greiðir menntamálaráðuneytið fyrir aðgang allra Íslendinga að vefútgáfu Encyclopedia Britannica, en á sama tíma er frjálsa samvinnuverkefnið Wikipedia mun oftast heimsótt af Íslendingum, og það kostar engan neitt að fá aðgang að því. Íslenskun Wikipedia gengur einnig rosalega vel, en í íslensku útgáfunni eru nú rúmlega 23000 greinar.

Annað sem er hugsanlega mikilvægara til lengri tíma litið er að leggja til að íslensk fyrirtæki sem fara í gjaldprot af hverskyns ástæðum frelsi allan þann hugbúnað sem þeir hafa skrifað ef nokkur er, þannig að kóðinn glattist ekki vegna gjaldprottsins og megi hugsanlega endurnýtaast annarsstaðar í samfélaginu. Það er líklegt að íslenskt samfélag hafi orðið af hundruðum milljóna króna vegna hugbúnaðar sem hefur verið þróaður fyrir áhættufé og horfið svo inn í eilífðina vegna þess eins að fjármagn vantaði.

Skrifað af *spm* – Innsendar greinar.

Atkvæði: 8

Obama notar Creative Commons leyfi í 21. aldar ríkisstjórn sinni

Verðandi forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, hefur verið duglegur að taka skrefið í átt að opinni og gegnsærri ríkisstjórn sem byggir á þátttöku almennings. Fyrir tveimur dögum ákvað Obama að taka upp nýja stefnu í höfundarréttarmálum á vefsíðu sinni <http://www.change.gov>.

Með það að markmiði að skapa lifandi og opna almenningumræðu um ferð Obama og Biden í Hvíta húsið er allt efni á vefsíðunni gefið út undir Creative Commons Attribution 3.0 leyfi (Skapandi sameign með tilvitnun).

Creative Commons leyfin gera efni sem gefið er út undir leyfunum að sameign neytenda með það að markmiði að stuðla að frekari sköpun. Creative Commons leyfir höfundum að velja hversu miklar hömlur eru settar á notkun efnisins með fjórum atriðum: Tilvitnun (attribution), sömu dreifingarskilmálar (share-alike), ófjárhaglegur tilgangur (non-commercial) og engin afleidd verk (no derivatives). Höfundur verks geta blandað saman þessum fjórum atriðum eftir því hvernig hann eða hún sér fyrir sér áframhaldandi notkun verksins. Þannig gæti höfundur gefið verk sitt út sem "skapandi sameign með tilvitnun í ófjárhagslegum tilgangi". Þá mætti hver sem er nýta sér verkið (á hvaða hátt sem er) án þess að græða af því pening og með því að vitna í upphaflega höfundinn.

Obama hefur valið Creative Commons leyfi sem gefur neytendum mesta frelsið, það er að nota verkið á hvaða hátt sem er aðeins gegn því að upphaflega höfundar (ríkisstjórnar Obama) sé getið. Með þessu hefur Obama tekið stórt skref í átt að "ríkisstjórn 21. aldarinnar" sem stuðlar að þátttöku almennings, er gegnsæ og hagkvæm og öflug.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 7

Halfpr Iceland

Egill Helgason birti í gær mynd á vefsíðu Silfurs Egils af auglýsingarplakati sem hefur verið sett upp í Fríhöfninni og blasir við ferðamönnum sem koma til landsins. Auglýsingin skeytir stöfunum HALFPR fyrir framan ICELAND og segir orðrétt:

"Welcome to HALFPRICELAND Make a great deal on duty free items

Are you here for the nature or the exchange rate?
- Keflavik Airport -"

Tugir hafa skrifað athugasemdir við þessa færslu Egils og lýsa þessu sem "rosalegu andlegu gjaldþroti og "glæsilegri landkynningu". Auglýsingunni er líkt við auglýsingu Flugleiða um einnar nætur gaman í Reykjavík". Aðrir segja að Íslendingar verði að muna eftir húmornum og hafa gaman að auglýsingunni.

Skrifað af *tryggvib* – Innendar fréttir.

Atkvæði: 7

Sjávarútvegurinn gjaldþrota

Enn versnar útlitið fyrir okkur Íslendinga. Skuldir sjávarútvegsins eru um 800 milljarðar króna (kr.800.000.000.000), þótt erfiðlega gangi að fá endanlega tölu staðfesta.

Aflaverðmæti á Íslandsmiðum síðastliðið fiskveiðiár var 72 milljarðar skv. Hagstofu Íslands.

Skuldir sjávarútvegsins eru því meiri en tíföld aflaverðmæti á ári.

Vextir af þessum ósköpum eru ekki undir 50 milljörðum á ári.

Slík skuldásöfnun heillar atvinnugreinar, sem upprunalega fékk auðlindina afhenta endurgjalds-laust, ber ekki vott um að hafa notið góða af neinni hagræðingu.

Skrifað af *casall* – Efnahagur og viðskipti.

Atkvæði: 6

Stálu Empire State byggingunni í NY á 90 mínútum.

Starfsmönnum Daily News blaðsins í New York tókst með fölsuðum skjölum að stela Empire State byggingunni á innan við 90 mínútum á mánudaginn. Skjölin innihéldu ekkert nema falsaðar upplýsingar, meðal annars var leikkonan Fay Wray, sem lék aðalhlutverkið í upprunalegu King Kong myndinni árið 1933 og lést árið 2004, skráð sem vitni og lögbókandinn (e. notary) var skráður sem Willie Sutton sem rændi um 100 banka í bandaríkjunum á árunum 1920-1952 og lést árið 1980. Um 90 mínútum eftir að fölsuðu skjölunum hafði verið skilað til borgarskrifstofunnar var flutningurinn á afsali Empire State byggingarinnar samþykktur, nýr eigandi var "Nelots Properties LLC-en eins og glöggir taka eftir er "nelotsþeinfaldlega "stolen"(stolið) skrifað afturábak.

Eigninni var svo skilað aftur á þriðjudag. Gjörningurinn var aðalega til að benda á hversu auðveldlega hægt er að "stela" hlutum eins og byggingum, en með afsali að eign er hægt að taka út lán með veði í eigninni, og slíkir glæpir hafa oft komið upp, þó einkum með minni eignir en eitt frægasta kennileiti New York borgar.

Skrifað af *gaker*a – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 6

Trúarbrögðin okkar

Námshagnastofnun hefur gefið út bókina Trúarbrögðin okkar eftir Hrund Hlöðversdóttir sem er ætluð yngstu bekkjum grunnskólanna. Bókin segir frá fimm börnum sem koma í heimsókn í skóla til að segja frá trúarbrögðum foreldra sinna sem eru búddistar, hindúar, múslimar, gyðingar og kristnir.

Í nýlegri grein í vefriti Vantrúar er segir Óli Gneisti Sóleyjarson, greinarhöfundur, frá reynslu sinni af lestri bókarinnar. Óli Gneisti bendir á að svo virðist af teikningum í bókinni sem öll börnin séu innflytjendur, nema barnið sem á kristna foreldra.

Óli Gneisti bendir jafnframt á að trúleysingjar fari illa út úr bókinni. Það er minnst á að það sé til fólk sem sé ekki trúað en tilvitnun úr bókinni virðist setja svartan blett á trúleysi:

"Trúarbrögðin kenna okkur að þykja vænt um hvort annað og þau hjálpa okkur til að eignast vini. Ef allir færur eftir því sem trúarbrögðin boða gerðust færri slæmir hlutir í heiminum. Þá gætum við lifað saman eins og ein stór fjölskylda."

Meðlimir Vantrúar og aðrir þátttakendur í umræðunum sem fylgja greininni eru mjög ósáttir við það hvernig vegið er að trúleysi, sem þeir telja vera svívirðilega fordóma.

Upplýsingar um bókina má einnig finna á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/pantanir-skola/vorunr/3352>

Skrifað af *tryggvib* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 6

Borgarahreyfingin boðar til þjóðfundar í dag

Borgarahreyfing um Þjóðfund 1. des., regnhlífar-samtök þeirra hópa og einstaklinga sem hafa tjáð sig opinberlega um ástandið á Íslandi síðustu vikur, hafa kallað til þjóðfundar mánudaginn 1. desember 2008 klukkan 15:00 á Arnarhóli.

Borgarahreyfingin hvetur Íslendinga til að leggja niður störf og mæta á fundinn til þess að sýna samstöðu sína og krefjast breytinga á stjórn landsmála og stjórnsýslu almennt. Jafnframt hvetur hreyfingin Samtök atvinnulífsins til þess að hvetja aðildarfélag sín til þess að gefa starfsmönnum frí til þess að mæta á fundinn.

Frummælendur á fundinum eru Einar Már Guðmundsson, Lárus Páll Birgisson, Margrét Pétursdóttir, Snærós Sindradóttir og Þorvaldur Gylfason, hagfræðingur.

Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem Blaz Roca, mun rappa um þjóðmál og fundarstjóri er Edward Huijbens, landfræðingur.

Skrifað af *tryggvib* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 6

Varafréttastjóri RÚV neitar að styðja baráttu gegn alnæmi

Á mánudaginn var alþjóðlegi alnæmisdagurinn og Gunnlaugur Grétarsson, formaður alnæmissamtakanna, fór um víðan völl og hvatti menn til að setja í barm sér merki um baráttuna gegn alnæmi.

Þegar hann ætlaði að dreifa barmmerkjum til starfsmanna RÚV tók Ingólfur Bjarni Sigfússon varafréttastjóri RÚV ekki vel í það.

"Hann tjáði mér að þetta væri mjög viðkvæmt mál þar sem nælan væri tengd einhverju tabúi! Eins og alnæmi. Það er viðkvæmt mál á þessum ríkisrekna fjölmiðli"

Skrifað af *gakera* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 5

Sögustundir með söngvaskáldum - Jákvæðni, bjartsýni og samstaða.

Þegar ofan á svartasta skammdegið bætast efna-hagslegar hörmungar þær sem þjóð okkar hefur fengið að kljást við á undanförunum vikum má búast við að margir eigi um sárt að binda. Þá er einmitt svo nauðsynlegt að gleyma ekki mikilvægi þess að vera jákvæður og bjartsýnn og standa saman.

Notum þess vegna tækifærið og mætum á þriðjudagskvöldum fram að jólum á Kaffi Rót og styðjum hvort annað og hlustum á þann jákvæða boðskap sem tónlistarmenn hafa að færa okkur. Góðir gestir munu líka líta við og segja okkur nokkur vel valin orð út frá útgangspunktunum þremur jákvæðni, bjartsýni og samstöðu.

Verum jákvæð og bjartsýnn og stöndum saman.

Engin aðgangseyrir en tekið er við frjálsum framlögum sem munu renna til góðra málefna.

Skrifað af *thexion* – Innlendar fréttir.

Atkvæði: 5

Obama og Biden tilkynna lykilmál Flokkur forsætisráðherra Taílands þjóðaröryggis í komandi ríkisstjórn leystur upp

Verðandi forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, og verðandi varaforseti, Joe Biden, tilkynntu í dag ráð- og sendiherra sem þjóna í þjóðaröryggisteymi sínu.

Athyglisvert er að Hillary Clinton, sem barðist hart gegn Obama um útnefningu sem forsetaefni Demókrata fyrr á þessu ári, er tilnefnd sem utanríkisráðherra. Núverandi varnarmálaráðherra, Robert Gates, mun líklega halda stöðu sinni, Eric Holder er tilnefndur sem dómsmálaráðherra og ríkisstjóri Arizona, Janet Napolitano, er tilnefnd sem heima- varnarmálaráðherra.

Einnig hafa Obama og Biden tilnefnt Susan Rice sem sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum og herforingjann Jim Jones sem þjóðaröryggisráðgjafa.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 5

130 þúsund brjóst horfin

Svo virðist sem að 130 þúsund uppblásanlegum gervibrjóstum, á leið frá Peking í Kína til Sídney í Ástralíu, hafi verið stolið. Brjóstin eiga að hafa verið sett í gám sem svo reyndist vera tómur þegar skipið kom í höfn. Karlatímariðið Ralph hafði hugsað sér að gleðja lesendur sína með því að láta gervibrjóst fylgja hverju janúartölublaði tímaritsins.

Horfnu brjóstin eru metin á um það bil 22,5 milljónir íslenskra króna og er því mikið áfall fyrir tímaritið. Það er tvennt sem kemur til greina: a) Gervibrjóstamálið er allt hluti af snilldarmarkaðssetningu eða b) Einhver ræninginn hlýtur að vera búinn að fá ógeð af gervibrjóstakáfi.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 4

Dómarar hafa fyrirskipað að "Fólkvaldsflokkurinn", stjórn mála flokkur Somchai Wongsawat, forsætisráðherra Taílands, verði leystur upp eftir að flokkurinn gerðist sekur um kosningasvik. Meðlimir flokksins sögðu Reuters fréttastofunni frá því að þeir ætli sér að halda áfram í stjórn mála og færa sig yfir í annan stjórn mála flokk.

Helstu leiðtogar Fólkvaldsflokksins, þar á meðal Wongsawat forsætisráðherra, voru einnig dæmdir í bann frá stjórn mála í fimm ár ásamt minni stjórn mála flokkum sem sátu með Fólkvaldsflokki í ríkisstjórn.

Mikil ókyrrð hefur ríkt í stjórn mála landslagi Taílands undanfarið og mótmælendur á vegum "Bandalags fólksins um lýðræði" hafa yfirtekið skrifstofur forsætisráðherrans síðan í ágúst og lokuðu báðum flugvöllum Bangkok, höfuðborgar Taílands, í síðustu viku. Mótmælendurnir sem eru klæddir gulum bolum vilja Wongsawat burt og saka hann um að vera ekkert annað en leikþéð Thaksin Shinawatra. Shinawatra, sem er í útlegð eftir að hafa verið rekinn frá völdum árið 2006, er mágur Wongsawats.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 4

Kólerufaraldur drepur hátt í 500 manns í Zimbabve

Mjög skæður kólerufaraldur hefur geislað í Zimbabve síðan í ágúst. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) hafa 11,700 manns smitast og 473 manns dáð af þessum bráðsmitandi en samt læknanandi sjúkdómi. Kólera veldur gífurlegum uppköstum og niðurgangi sem getur leitt sjúkling til dauða en sjúkdómurinn er samt læknanlegur.

Fyrirverandi forseti Bandaríkjanna, Jimmy Carter, er, kennir stjórn Mugabe um það hvernig komið er

og segir ástæðu dauðsfalla af völdum kóleru vera vegna lyfja- og læknaeysis í landinu.

Það er ekkert rennandi vatn í Harare, höfuðborg Zimbabwe, samkvæmt Hreyfingunni fyrir lýðræðislegar breytingar (MDC) og íbúar grafa því holur í jörðina í þeirri von að finna vatn. Vandamálið er hinsvegar að vatn sem safnað er saman með holum í jarðvegi er mjög hættulegt því það getur verið mengað. Aðrir íbúar leita drykkjarvatns í menguðum ám.

Fjórum sjúkrahúsum í Zimbabwe hefur verið lokað og sýktir einstaklingar eru farnir að leita læknisráða í nágrennalöndum Zimbabwe. Hætta er á að kólerufaraldurinn breiðist út til annarra Afríkulanda. Varaforseti MDC, Thokozani Khupe, óskar eftir því að stjórnmal verði lögð til hliðar og unnið verði að lausn á kóleruvandanum sem fyrst.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 4

Árás á ferðamannastaði í Mumbai

10 Hryðjuverkamenn réðust á ferðamannastaði í Mumbai, Indlandi, síðasta miðvikudag. Hryðjuverkamennirnir virtust beina árásum sínum að ferðamönnum með því að ráðast meðal annars á nokkur hótél, Taj Mahal, járnbrautastöð, sjúkrahús og kaffihús og Chabad húsið sem er vinsælt meðal ferðamanna frá Ísrael. Foringi lögreglusveitar gegn hryðjuverkum deyr í mótárás gegn hryðjuverkamönnum.

Björgunaraðgerðir halda áfram á fimmtudaginn og ferðamönnum á hótélum er bjargað. Pakistan lýsir yfir stuðningi við indversk stjórnvöld og lofar stuðningi í mótárásunum gegn hryðjuverkamönnum eftir að forsætisráðherra Indlands, Manmohan Singh, kennir hersveitum í nágrennalöndum Indlands um árásirnar.

Á föstudaginn halda björgunaraðgerðirnar áfram. Meðal annars er 143 gestum bjargað úr haldi hryðjuverkamanna á Trident Oberoi hótelinu. Indland heldur áfram að benda á Pakistan, sem telur löndin tvö berjast við sameiginlegan óvin.

Síðustu hryðjuverkamennirnir, sem héldu til í Taj Mahal hótelinu, eru drepnir eða fangaðir á laugardag af 'Elite Black Cat' hersveitarmönnum. 183 manns létust í vegna árásarinnar. Að minnsta kosti 22 af þeim látnu voru ferðamenn eða viðskiptamenn, 20 voru lögreglumenn og hermenn og 9 árásmenn (tíundi áráarmaðurinn var fangaður lifandi).

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 4

Wal-Mart starfsmaður traðkaður til dauða á útsölu

Fjórði föstudagurinn í nóvember, dagurinn eftir þakkargjörðahátíðina, kallast "Föstudagurinn svartioq er þekktur útsöludagur í Bandaríkjunum. Nafnið "Föstudagurinn svartí" kom til vegna mikillar umferðar tengdri útsöludeginum þegar búðir (sem opna jafnvel klukkan fimm á morgnanna) í Bandaríkjunum fyllast af fólki í leit að hagstæðum tilboðum á jólagjöfum. Dagurinn er talinn vera einn stærsti verslunardagur ársins í Bandaríkjunum.

Föstudagurinn svartí varð enn dekkri í ár þegar Jdimytai Damour, hlutastarfsmaður Wal-Mart, í Long Island, New York, lést eftir að hafa orðið undir hópi af æstum viðskiptavinum sem réðust inn í stórmarkaðinn þegar Damour ásamt öðrum starfsmönnum opnuðu dyrnar að morgni útsöludagsins. Lögreglumönnum sem reyndu að beita skyndihjálpi á Damour var hrundið til hliðar af fleiri viðskiptavinum sem hlupu æstir inn í búðina. Bruce Both, forseti United Food and Commercial Workers Union Local 1500, stærsta stéttarfélags starfsmanna matvöruverslana í New York fylki, sagði að hægt hefði verið að koma í veg fyrir atvikið með betri stjórnun og öryggisráðstöfunum.

Annað atvik setti einnig mark sitt á föstudaginn svarta í ár þegar tveir menn skutu hvorn annan til bana eftir rifrildi í verslun Toys 'R' Us í Palm Desert í Kaliforníu þó svo að atvikið virðist ekki vera tengt útsölunum.

Skrifað af *tryggvib* – Erlendar fréttir.

Atkvæði: 4

Magnús Björgvinsson gerir samning við Stjórnuna

Magnús Björgvinsson hefur undirritað eins árs samning við Stjórnuna. Magnús Björgvinsson hefur lengi æft með Stjórnunni og hefur ákveðið að halda áfram í stað þess að flytja til Danmerkur þar sem hann ætlaði sér að fara í nám.

Stjarnan komst nýverið upp í úrvalsdeild eftir að hafa verið í öðru sæti í sinni deild.

Magnús Björgvinsson er 21 árs gamall og býr í Garðabæ.

Skrifað af *tryggvib* – Íþróttir og leikir.

Atkvæði: 4